

Reglur skattrannsóknarstjóra ríkisins um kyrrsetningu eigna

- Drög sep 2010-

1. gr.

Lagaheimildir

Heimilt er að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðilum og öðrum þeim er rökstuddur grunur beinist að um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laga nr. 90/2003, ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Heimild til að krefjast kyrrsetningar byggir á ákvæðum 6. og 7. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, sbr. 88. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

2. gr.

Kyrrsetningarpolar

Kyrrsetning á grundvelli skattkröfu:

- Ef skattaðili er einstaklingur getur kyrrsetningargerð á grundvelli skattkröfu beinst að skattaðila sjálfum og maka hans ef um er að ræða hjón, samskattað sambúðarfólk eða einstaklinga í staðfestri samvist, sbr. 116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
- Ef skattaðili er lögaðili getur kyrrsetningargerð á grundvelli skattkröfu einvörðungu beinst að skattaðila sjálfum.

Kyrrsetning á grundvelli sektarkröfu:

- Ef skattaðili er einstaklingur getur kyrrsetningargerð á grundvelli sektarkröfu einvörðungu beinst að skattaðila sjálfum.
- Ef skattaðili er lögaðili getur kyrrsetningargerð á grundvelli sektarkröfu beinst að skattaðila sjálfum og fyrirsvarsmönnum hans eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur beinist að um refsiverða háttsemi framin í rekstri lögaðilans.

- Ef skattaðili er lögaðili og bú hans hefur verið tekið til gjaldprotaskipta, getur kyrrsetningargerð á grundvelli sektarkröfu einvörðungu beinst að fyrrum fyrirsvarsmönnum hans eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur beinist að um refsiverða háttsemi framin í rekstri lögaðilans.

3. gr.

Skilyrði kyrrsetningar

Rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þarf að liggja fyrir.

Kyrrsetningu verður ekki beitt nema fyrir liggi rökstuddur grunur um stórfelld skattalagabrot þannig að meint háttsemi kunni að varða við 262. gr. almennra hegningarlaga. Kyrrsetningu verður því ekki beitt í málum sem skilyrði eru til að ljúka með sektargerð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins eða með sektarkröfu fyrir yfirskattanefnd.

Til að brot teljist stórfellt skal meintur undandreginn skattur nema að lágmarki sjö milljón króna. Brot getur jafnframt talist stórfellt hafi verknaður verið framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots.

Kyrrsetningu verður ekki beitt ef vafi leikur á um skattskyldu, ábyrgð aðila er óljós eða mál að öðru leyti svo vaxið að vafi sé um skattendurákvörðun eða refsíábyrgð.

4.

Ákvörðun um tilkynningu um kyrrsetningu

Tilkynning til tollstjóra um kyrrsetningu getur eftir atvikum komið til við upphaf rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins eða undir rannsókn máls.

Áður en ákvörðun um tilkynningu er tekin er mál lagt fyrir lögreglu. Telji lögregla ákærumeðferð ólíklega verður mál ekki tilkynnt til tollstjóra.

Ákvörðun um tilkynningu er tekin af skattrannsóknarstjóra ríkisins eða staðgengli hans og forstöðumanni lögfræðisviðs embættisins.

5. gr.

Tilkynning til tollstjóra

Í tilkynningu skattrannsóknarstjóra ríkisins til tollstjóra skulu rakin málsatvik og lagarök fyrir tilkynningu. Koma skal fram hver hin meintu refsiverðu brot teljist vera og refsíákvæði vegna þeirra.

Með tilkynningu til tollstjóra skal fylgja ákvörðunarblað skattrannsóknarstjóra ríkisins um tilkynningu og sundurliðun á kyrrsetningarfjárhæð. Þá skulu fylgja tilkynningu skattframtöl og fylgigögn þeirra, gögn úr fyrirtækjaskrá og önnur skjöl sem nauðsynleg teljast til að tollstjóri geti tekið ákvörðun um hvort farið skuli fram með kyrrsetningu.

Ákvörðun um hvort farið skuli fram með kyrrsetningu er tekin af tollstjóra á grundvelli tilkynningar frá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Fer tollstjóri um rekstur kyrrsetningarmála. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer eftir ákvæðum 6. og 7. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, sbr. 88. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

6. gr.

Endurákvöðun skattstofna

Þegar rannsókn máls er lokið hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og mál sent ríkisskattstjóra til endurákvörðunar skal tilkynna tollstjóra um það.

Þegar úrskurður ríkisskattstjóra og eftir atvikum yfirskattanefndar um endurákvörðun skattstofna liggur fyrir skal upplýsa tollstjóra um það. Ef endurákvörðun leiðir ekki til þess að skattar verði hækkaðir skal tollstjóra tilkynnt um það án tafar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins leiðir ekki til þess að skattar verði hækkaðir, eða skattaðila eða öðrum sem rökstuddur grunur um refsiverða

háttsemi beinist að verði gerð fésekt. Eru þá jafnframt felldar úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningu.

Kyrrsetning fellur niður ef þær greiðslur, sem kyrrsetning á að tryggja, eru inntar af hendi.

7. gr.

Ágreiningur um kyrrsetningu

Ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar má leggja fyrir héraðsdóm með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

8. gr.

Annað

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

x. september 2010